

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Húnaþingi vestra.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum 12. október 2023 breytingar á deiliskipulagi á athafnasvæði við Búland, Hvammstanga.

Breyting á deiliskipulaginu snýr að Eyrarlandi 2-6 sem eru athafnalóðir og verður breytt í íbúðarlóðir. Heimilt verður innan hvernar lóðar að reisa 1-2 hæða einbýlishús, auk vinnustofu/gestahúss.

Lóð Höfðabrautar 36 verður minnkuð til þess að koma fyrir gangstétt og einnig er stækkun á lóð Höfðabrautar 37 til samræmis við aðrar aðliggjandi lóðir.

Kvöð er um gróður til þess að minnka ásjón á athafnalóðir og halda svæðinu sem snyrtilegustu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 7. maí 2024.

Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 23. maí 2024